

Starfsáætlun Bíó Paradísar árið 2025

- ★ **BÍÓTEKIÐ** – samstarfssýningar Bíó Paradísar og Kvikmyndasafns Íslands hvern fyrsta sunnudag í mánuði jan - maí og svo ágúst – des 2025.
- ★ **MIÐVIKUDAGSBÍÓ** – bíósýningar á daginn á hverjum miðvikudegi af því ber hæst úr dagskrá Bíó Paradísar hverju sinni. Sérstök áhersla lögð á að ná til eldri borgara, öryrkja, einyrkja og fólks sem er einhverra hluta ekki í vinnu á þessum tíma. Samstarf með Laugarásnum geðmeðferðardeild, Hlutverkasetrinu, Teymi fyrir umsækjendur um alþjóðlega vernd og fleiri. Fríar kleinur frá Baka baka og heitt á könnunni.
- ★ **Skólasýningar** prisvar í viku fyrir **grunnskólanemendur** jan - maí 2025 og sept – des 2025.
- ★ **Skólasýningar** einu sinni í viku fyrir **framhaldsskólanemendur** jan - maí 2025 og sept – des 2025.
- ★ Bíó Paradís heldur áfram að bjóða upp á „**Kvöldstund með ..**“ þar sem áhorfendur fá að kynnast höfundu, leikara, eða leikstjóra kvikmyndar í nánu spjalli um kvikmyndalist eftir frumsýningu. Næsta kvöldstund er með heimspektu leikkonunni **Noémie Merlant** á frumsýningu *The Balconettes* þann 25. jan 2025.
- ★ **Frönsk kvikmyndahátíð** dagana 17. - 26. janúar 2025.
- ★ **Pýskir kvikmyndadagar** í sextánda sinn dagana 21. febrúar – 2. mars 2025.
- ★ **Kvikmyndahátíð framhaldsskólanna** 15. og 16. mars 2025.

BÍÓ ★ PARADÍS

- ★ **Stockfish Alþjóðleg Kvikmyndahátíð í Reykjavík** 3. – 13. apríl 2025.
- ★ **IncluCine:** Kvikmyndasýningar fyrir blinda, heyrnarlausa, einhverfa og einstaklinga með heilabilun í samstarfi við MEDIA Áætlun Evrópusambandsins, Europa Cinemas og Kino Usmev í Slóvakíu, í apríl og maí 2025.
- ★ **Pólskir kvikmyndadagar** í tíunda sinn dagana 24. – 27. apríl 2025.
- ★ Sýningar á úrvali **nýrra, íslenskra kvikmynda** með enskum texta sumarið 2025.
- ★ **Skjaldborgardagur og Icedocs** í Bíó Paradís 13. sept 2025. Myndirnar sem stóðu uppúr á hátíðunum sýndar, ásamt spennandi pallborðsumræðum um heimildamyndaformið.
- ★ Sýningar á öllum kvikmyndunum sem tilnefndar eru til **Kvikmyndaverðlauna Norðurlandaráðs** dagana 9. október – 13. október 2025.
- ★ **Alþjóðleg barnakvikmyndahátíð í Reykjavík** dagana 26. okt – 3. nóvember 2024.
- ★ **Evrópskur kvikmyndamánuður** dagana 1. nóvember – 7. desember 2025.
- ★ **Evrópskur listabíódagur** 16. nóvember 2025. Bíósýning og sérstakur gestur.
- ★ **SVARTIR SUNNUDAGAR** – sýningar á klassískum og „költ“ myndum í ritstjórn Sigurjóns Kjartanssonar, Huggleiks Dagssonar og Sjón annan hvern sunnudag jan – apríl og svo sept – des 2025.
- ★ **FÖSTUDAGSPARTÍSÝNINGAR** halda áfram í Bíó Paradís allt árið 2025 með sing-a-long sýningum, búningapartíum og almennri gleði.

BÍÓ ★ PARADÍS

- ★ Um það bil 40 til 50 **alþjóðlegar verðlaunakvikmyndir** og 8 – 12 **heimildamyndir** og **sjálfstæðar íslenskar kvikmyndir** eru frumsýndar og teknar til almennra sýninga á hverju ári í Bíó Paradís.
- ★ Fjöldi **frumsýninga** og minni **sérviðburða** á vegum kvikmyndagerðarfólks, sendiráða, áhugamanna og félagasamtaka allt árið 2025.